



Fuglamerkingar 2014

Árið 2014 var 94. ár fuglamerkinga á Íslandi og það 83. í umsjón Íslendinga. Fimmtíu og einn merkingamaður merkti alls 19.046 fugla af 79 tegundum. Eru það fleiri nýmerkingar á einu ári en nokkru sinni fyrr. Mest var merkt af auðnutittlingi, eða 6132 fuglar sem er fimmfalt fyrra met. Búið er að afgreiða 495 endurheimtur íslenskra merkja sem tilkynnt var um á árinu (310 innanlands og 185 erlendis) auk 104 endurheimta erlendra merkja. Yfir 2000 tilkynningar bárust frá merkingamönnum um endurveidda fugla sem ekki hefur unnist tími til að vinna úr, enda er þessi skýrsla óvenju snemma á ferðinni.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Borgþór Magnússon.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,28 og 0,46 ársverk).

Fuglamerkingar

Alls voru 19.046 fuglar merktir árið 2014 (samtala 1921-2014, 668.144; 1. tafla) af 79 tegundum (153 tegundir frá upphafi). Endurheimtur (og álestrar merkja á lifandi fuglum) tilkynntar og afgreiddar á árinu 2014 voru 599, en auk þeirra voru 104 eldri endurheimtur skráðar í gagnagrunn (samtala 1921-2014, 50.133). Til viðbótar bárust yfir 2000 tilkynningar frá merkingamönnum um endurveidda fugla sem merktir voru 2014 og ekki hefur unnist tími til að vinna frekar.

Virkir merkingamenn (þeir sem merktu einhvern fugl á árinu) voru 51 talsins árið 2014 (1. tafla) sem er aukning um tvo frá fyrra ári. Tveir merkingamenn, þeir Óskar J. Sigurðsson (nr. 148), kenndur við Stórhöfða, og Sigurður Ingvarsson (nr. 311) hættu merkingum á árinu og skiluðu merkjum sínum. Óskar hóf merkingar árið 1953 og merkti á þeim 62 árum sem hann handlék merkingatöngina um 93.000 fugla. Sigurður hóf merkingar árið 1989 og merkti alls 5675 fugla. Við færum þeim Óskari og Sigurði bestu þakkir fyrir þeirra framlag. Fuglaathugunarstöð Suðausturlands á Höfn í Hornafirði lauk sínu 10. starfsári. Stöðin hefur nú fengið bakhjarl í Náttúrustofu Suðausturlands, sem vonandi eflir starfsemi og eykur stöðugleika í rekstri þessarar einu fuglamerkingastöðvar landsins.

Þrír nýir liðsmenn fuglamerkinga bættust við á árinu. Þau eru Prófessor S. Bearhop frá Exeter í Bretlandi (414), Borgný Katrínardóttir (415) og Pétur Halldórsson (416). Öll fengu þau einhverja tilsoðgn reyndra merkingamanna og unnu með meisturum sínum um nokkurt skeið.

- Þrír afkastamestu aðilar sem stunduðu fuglamerkingar 2014 voru Sverrir Thorstensen með 3555 fugla merкта, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands með 2861 fugl og Jón Magnúson með 1412 fugla (2. tafla).
- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2014: 6132 auðnutittlingar (sem er nýtt ársmet, 5-falt fyrra met, en 1235 voru merktir árið 2009), 2266 snjóttittlingar, 1833 skógarprestir, 1596 kríur og 1269 rauðbrystingar (1. tafla).
- Þær tólf tegundir sem mest hefur verið merkt af frá upphafi eru: 79.835 snjóttittlingar, 76.004 lundar, 61.538 skógarprestir, 52.441 kría, 34.129 ritur, 31.330 fýlar, 21.119 skúmar, 20.032 teistur, 18.329 æðarfuglar, 16.372 langvíur, 16.106 þúfutittlingar og 16.014 auðnutittlingar (1. tafla).

- Tvær tegundir hafa ekki verið merktar hér áður, peðgrípur *Ficedula parva* í Einarsslundi við Höfn og mistilþröstur *Turdus viscivorus* við Kiðafell í Kjós. Ein ný tegund, roðaðerna *Sterna dougallii*, endurheimtist en alls hafa 112 tegundir skilað endurheimtum, 23 þeirra aðeins einu sinni.

Endurheimtur

Flestar endurheimtur einstakra tegunda árið 2014 af fuglum merktum á Íslandi voru 129 sílamáfar, 65 æðarfuglar, 62 auðnutittlingar, 43 álftrir og 21 snjóttittlingur. Af erlendum merkjum sem endurheimtust hérlendis var mest af rauðbrystingi, en 32 fundust eða lesið var á litmerki, 7 álftrir, 4 grágæsir, 4 sanderlur og 3 jaðrakanar.

Af 104 endurheimtum erlendra merkja voru 64 frá Bretlandseyjum (enn vantar upplýsingar um 40 bresk merki vegna kerfisbreytinga hjá BTO), 24 frá Noregi, 10 frá Hollandi, tvö frá Frakklandi og Þýskalandi, eitt merki frá Svíþjóð og annað frá Ghana. Þetta er í fyrsta sinn sem merki frá merkingastöðinni í Ghana endurheimtist á Íslandi.

Fyrsta endurheimta roðaðernu *Sterna dougallii* var við Jökulsárlón 14.6.2014 þegar Gunnari Þór Hallgrímssyni, Sölva R. Vignissyni og Yann Kolbeinssyni tókst að lesa á litmerkið sem hún bar, en Brynjúlfur Brynjólfsson hafði fundið fuglinn á sama stað daginn áður. Þessi fugl var merktur (Brit. Mus. ST20963, litmerki 63BM) sem stálpaður ungi á Rockabill við austurströnd Írlands 13. júlí 2012.

Meðal endurheimta árið 2014 voru nokkrar langferðir. Mesti ferðalangur var litmerkt sanderla sem Ingveldur Sverrisdóttir myndaði í Kalmansvík við Akranes 26.5.2014. Þessi sanderla var merkt 24.10.2009 við Asenko village í Ghana (04,9197°N 2,3189°W; merki Ghana B03922) og var 6788 km frá merkingastað. Lesið var á nokkra sílamáfa í vestur Afríku og var sá syðsti af þeim (YN14, Reykjavík 350197) í Míritaníu 4826 km frá merkingastað í Sandgerði. Spói, merktur á Sýrlæk í Árnassýslu (Reykjavík 559616), sást í Banc d'Arguin þjóðgarðinum í Míritaníu 4815 km frá merkingastað. Sandlóa (Reykjavík 896021) merkt í Flatey á Breiðafirði var handsömuð og sleppt aftur með sama merki í San Fernando á Spáni, 3395 km frá merkingastað.

Ný aldursmet. Tvær súlur sem Ragnar Jónsson merkti sem unga 20.8.1982 í Eldey fundust dauðar á árinu. Önnur þeirra (Reykjavík 02262) fannst dauð í Skotlandi 2.1.2014 (South Uist) 31 ára og fimm mánaða gömul en hin (Reykjavík 02023) drapst í fiskineti 12.10.2014 austur af Vestmannaeyjum 32 ára og þriggja mánaða gömul. Fyrri aldursmet var 27 ár og átta mánuðir. Evrópumetið á ennhá bresk súla sem varð 37 ára og 5 mánaða. Álftrin A1495 sem setti aldursmet árið 2013 og fjallað var um í blöðum sást í Köldukinn í Suður-Þingeyjarsýslu 1. mars 2014 í fullu fjöri og var hún þá a.m.k. 27 ára og sex mánaða. Þetta gæti verið Evrópumet, en beðið er eftir nýrri samantekt á hæsta aldri fugla innan Euring.

Gagnavarsla

Merkinga- og endurheimtugögn eru varðveitt í SQL gagnagrunni sem stýrt er með sérhæfðu umsýsluforriti (Flygill) og með fyrirspurnum gegnum Microsoft Access. Rafræn skil merkingamanna 2014 á Excel gagnablöðum voru 98,5%, sem er frábær árangur. Skjölin eru tilbúin til innflutnings í gagnagrunninn og léttir það mjög vinnuna. Af gömlum merkingum á aðeins eftir að slá inn í gagnagrunn innan við tvö þúsund merki af stærð 9A og um 13.000 merkingar á vegum Skovgaard. Í árslok 2014 voru 98% allra merkinga og 95% endurheimta komnar í grunninn og var samlestri þeirra við frumgögn lokið.

	Áætlaður fjöldi 1921-2014	Færslur 31. des. 2014	Í gagna- grunni
Merkingar	674.000	659.300*	98%
Endurheimtur**	53.000	50.328	95%

Vinna við samræmingu kóðunar íslensku merkinga- og endurheimtugagnanna við staðal EURING, sem eru regnhlífarsamtök umsjónaraðila fuglamerkinga í Evrópu, hefur legið niðri vegna tímaskorts. Notaður verður EURING 2000 staðall sem gerir okkur kleift að yfirfæra öll íslensk gögn í sameiginlegan evrópskan gagnagrunn (EDB). Þegar endurkóðun gagna er lokið getum við lagt íslenskar endurheimtur merkja í EDB, en fyrirhugað er að gera endurheimtuatlas úr öllum tiltækum gögnum frá Evrópu innan tíðar. Jafnframt verður auðveldara að taka upp umsýsluforritið RingAccess í stað heimasíðaða forritsins Flygils sem er notað í dag. Vonandi styttest í útgáfu íslensks merkingaatlass, en frændur okkar Færeyingar gáfu út atlas á síðasta ári (Hammer o.fl. 2014). Lítið er eftir af innslætti frumgagna, en forsenda útgáfu slíkrar samantektar er að öll gögn séu tiltæk á rafrænu formi.

Merkingaleiðangrar

Í byrjun júlí leiddi Ólafur Á. Torfason 20. leiðangur sinn í Skrúð síðan 1995. Dvölin í Skrúð var skemmri en til stóð vegna slæms veðurútlits. Alls voru merktir 794 fuglar, þ.a. 500 súluungar. Náttúrustofa Suðurlands stóð fyrir merkingarleiðangri út í Elliðaey helgina 18.-19. ágúst. Alls voru merktar 195 sjósvölur og 181 stormsvala. Ólafur K. Nielsen fór fyrir 21. leiðangri sínum til merkinga á rjúpum í Hrísey 18.-21. september. Veiði var mjög dræm, líkt og undanfarin tvö ár, því rjúpunar létu varla sjá sig í þorpinu og voru óvenju fáar og mjög styggar í mólendinu.

Nokkrir erlendir aðilar komu til landsins á árinu til fuglamerkinga. Prófessor S. Bearhop stóð fyrir merkingum á margæsum á Innnesjum og voru 99 fuglar nýmerktir. James Wilson leiddi hóp samstarfsmanna í rauðbrystingarannsóknum í leiðangur um Vestfirði í maí. Þau nýmerktu 1265 rauðbrystinga og voru 1073 þeirra jafnframt litmerktir (sjá grein um verkefnið: Jim Wilson 2013). Peter Potts kom til landsins í 23. sinn til fuglamerkinga í júlí og stýrði 6 manna leiðangri til vaðfuglamerkinga og merktu þau um 200 unga, sem er nokkru minna en vant er enda tíðarfar óhagstætt.

Rafeindamerkingar

Merkingar með margvíslegum rafeindabúnaði aukast ár frá ári. Tilgangurinn er alltaf að staðsetja fuglana ýmist handvirkt eða sjálfvirkt. Einfaldasti búnaðurinn eru senditæki sem miðuð eru út handvirkt. Senditæki sem miðuð eru út af gervitunglum hafa verið í notkun frá því um 1990 en síðustu ár hafa slík tæki verið búin GPS staðsetningabúnaði. Hafa staðsetningar ýmist verið sendar til notenda um gervihnött eða þá þráðlaust frá sendi til símtækis með smáskilaboðum. Slík senditæki eru enn of stór (þau minnstu vega 7-10 grömm) fyrir margar tegundir fugla. Síðustu ár hefur búnaður sem er agnar smár og miklu ódýrari en senditæki rutt sér til rúms. Þessi tæki heita „geolocators“ á ensku en hafa verið kölluð dægurrítar á íslensku. Þetta eru gagnaritar (data loggers) sem skrá gögn um tímasetningu birtutíma (dagslengd milli sólarupprásar og sólarlags). Enginn sendibúnaður er í þessum tækjum og því þarf að endurveiða fuglana sem þau bera til þess að nálgast gögnin. Þrátt fyrir talsverða ónákvæmni einstakra staðsetninga (± 180 km) hefur búnaður þessi orðið vinsæll vegna lágs verðs og smæðar sem hefur opnað möguleika á að rannsaka tegundir sem ekki hefur verið unnt að rannsaka nema með hefðbundnum málmmerkjum.

Árið 2014 voru a.m.k. 225 fuglar merktir með dægurrítum á Íslandi, flestir í samstarfi við Norsk Polarinstittutt (SeaTrack). Þorkell Lindberg og samstarfsmenn á Náttúrustofu Norðausturlands merktu 26 langvíur, 27 stuttnefjur, 20 ritur og 10 fýla. Erpur Snær Hansen og samstarfsmenn á Náttúrustofu Suðurlands merktu 40 lunda, Jón Einar Jónsson hjá Háskólasetri Vesturlands merkti 36 æðarfugla og Gunnar Þór Hallgrímsson hjá Háskóla Íslands merkti 8 silfurmáfa og 19 sílamáfa. Þessu til viðbótar merktu Tómas Grétar Gunnarsson, Yann Kolbeinsson og Sverrir Thorstensen alls 24 óðinshana með dægurrítum, en vetrarstöðvar íslenskra óðinshana eru með öllu óþekktar.

Litmerkingar

Allmörg stór rannsóknarverkefni byggja á notkun litmerkja og má með þeim afla umfangsmikilla gagna um líf, hætti, lýðfræði og ferðir litmerktra einstaklinga. Sum þeirra eru unnin í samstarfi við erlenda aðila, þá einkum breska. Stærstu litmerkingaverkefni eru rannsóknir á álft, margæs, grágæs, heiðagæs, blesgæs, jaðrakan, sandlóu og sílamáfi. Öll þessi verkefni halda eigin gagnagrunn yfir athuganir á litmerktum einstaklingum, sem oft telja tugi og jafnvel hundruð þúsunda færslna (t.d. álft yfir 200 þúsund, margæs yfir 130 þúsund). Mörg þessara verkefna skila árlega skýrslu um litmerkingar sínar og nokkur afriti af gagnagrunni til fuglamerkinga Náttúrufræðistofnunar til varðveislu. Það á við um álestra á litmerkjum eins og hefðbundnar endurheimtur málmmerkja að tilkynna skal þær til umsjónaraðila fuglamerkinga í athugunarlandi, sem í kjölfarið kemur þeim til skila til réttra aðila í merkingalandi fugls.

Úrvinnsla, kynning og birting gagna

Nokkrar beiðnir um tölfræði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu og vörðuðu lóm, heiðagæs, hávellu, rjúpu, sendling og spóa. Í flestum tilfellum var hægt að láta þær upplýsingar af hendi sem óskað var eftir.

Nokkrar greinar er byggjast á íslenskum merkingarniðurstöðum birtust á árinu. Tvær greinar fjalla um farleiðir steindepla til og frá Grænlandi, en fuglar af grænenskum uppruna eru í einhverjum mæli fargestir á Íslandi. Höfundar velta fyrir sér möguleikum á flugi án viðdvalar á Íslandi milli varpstöðva og vetrarstöðva (Bulte o.fl. 2014, Corman o.fl. 2014). Dusek og félagar (Dusek o.fl. 2014) hafa rannsakað smittíðni mismunandi stofna fuglaflensuveira á Íslandi og borið saman við Norður Ameríku, en merkingar hafa sýnt að farleiðir margra tegunda milli gamla og nýja heimsins liggja um Ísland. Tony Fox og félagar (Fox o.fl. 2014) urðu varir við klakamyndun á hálsmerkjum nokkurra blesgæsa við Hvanneyri í óvenjulegum veðurskilyrðum, en drógu þá ályktun að það hefði ekki haft áhrif á afkomu þeirra. Samgangur og blöndun milli heiðagæsa af Svalbarðastofni við íslenskar og grænenskar var kannaður út frá tíðni athugana á litmerkjum utan hefðbundinna slóða. Niðurstaðan var sú að samgangur stofna er mjög lítill, eða aðeins 0,071% líkur á flutningi á ári (Madsen o.fl. 2014). Ron Summers og félagar gerðu grein fyrir ferðum sendlinga sem merktir höfðu verið með dægurrítum á Írlandi og í Skotlandi til Vesturheims (Summers o.fl. 2014). Sumir þeirra höfðu viðdvöl á Íslandi á ferðum sínum að vorlagi.

Þann 29. nóvember 2014 tók Guðmundur A. Guðmundsson þátt í ráðstefnu Fuglaverndar um mófugla og flutti þar erindi sem hann og Svenja Auhage höfðu tekið saman og nefndist “Far og vetrarstöðvar íslenskra mófugla”. Þar var fjallað í stuttu máli um ferðir og vetrarstöðvar allra íslenskra vaðfugla og algengustu spörfugla með kortum og yfirlitstöflum (tvö sýnishorn fylgja hér: heiðlóa (1. mynd) og skógarþröstur (2. mynd).

Heimildir og greinar sem tengjast íslenskum fuglamerkingum birtar 2014

Bulte, M. J.D. McLaren, F. Bairlein, W. Bouten, H. Schmaljohann & J. Shamoun-Baranes 2014. Can wheatears weather the Atlantic? Modeling nonstop trans-Atlantic flights of a small migratory songbird. – *Auk* 131: 363-370.

Corman, A.-M., F. Bairlein & H. Schmaljohann 2014. The nature of the migration route shapes physiological traits and aerodynamic properties in a migratory songbird. – *Behv. Ecol. Sociobiol.* 68: 391-402.

Dusek, R.J., G.T. Hallgrimsson, H.S. Ip, J.E. Jonsson, S. Sreevatsan, S.W. Nashold, J.L. TeSlaa, S. Enomoto, R.A. Halpin, X. Lin, N. Fedorova, T.B. Stockwell, V.G. Dugan, David E. Wentworth & J.S. Hall 2014. North Atlantic Migratory Bird Flyways Provide Routes for Intercontinental Movement of Avian Influenza Viruses. – *Plos One* 9 (3): doi:10.1371/journal.pone.0092075.


- Fox, A.D., A.J. Walsh, M.D. Weegman, S. Bearhop & C. Mitchell 2014. Spring ice formation on goose neck collars: effects on body condition and survival in Greenland white-fronted geese *Anser albifrons flavirostris*. – Eur. J. Wildl. Res. DOI 10.1007/s10344-014-0835-y
- Hammer, S., J.J. Madsen, J.-K. Jensen, K.T. Pedersen, D. Bloch & K. Thorup 2014. Færøsk Trækfugleatlas. The Faroese Bird Migration Atlas. Fróðskapur - Faroe University Press.
- Jim Wilson 2013. Rauðbrystingar merktir í N-Noregi skipta um farleið. – Bliki 32: 34-36.
- Madsen, J., R.S. Tjørnløv, M. Frederiksen, C. Mitchell & A.T. Sigfusson 2014. Connectivity between flyway populations of waterbirds: assessment of rates of exchange, their causes and consequences. – J. Appl. Ecol. 51:183–193.
- Summers, R.W., H. Boland, K. Colhoun, N. Elkins, B. Etheridge, S. Foster, J.W. Fox, K. Mackie, L.R. Quinn & R.L. Swann 2014. Contrasting trans-Atlantic migratory routes of Nearctic Purple Sandpipers *Calidris maritima* associated with low pressure systems in spring and winter. – Ardea 102: 139-152.

Urriðaholti í Garðabæ 18. febrúar 2015.

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage


1. mynd. Yfirlit endurheimta á heiðlóum *Pluvialis apricaria* 1921-2014. Taflan og kortið sýna endurheimtur íslenskra merkja eftir löndum þar sem merkin endurheimtust og endurheimtumánuði auk erlendra merkja eftir merkingalandi og merkingamánuði.

													Merkingar 1921-2013:		Fullv.	1122
Heiðlóa													Ungar	8007		
													Alls	9129		
Mánuður	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	99	Alls		
Ísland	24	32	20	12	2					5	3	4	7	109		
Írland			4	17	6	11	13	9	1	1			1	63		
Skotland			2	4		2	2	2		2				14		
Wales						1	1							2		
England			1	1	4	1	2	2	1					12		
Danmörk			1											1		
Þýskaland			1											1		
Holland					2				1	2			2	7		
Belgía									1					1		
Frakkland			2	6	5	4	4	2	3				1	27		
Portúgal				1		4	8	9	1					23		
Spánn				2	4	3	5	4						18		
Marokkó								1						1		
Samtals	24	32	31	43	23	26	35	29	8	10	3	4	11	279		
													þ.a. erl. 6			



2. mynd. Yfirlit endurheimta skógarprasta *Turdus iliacus* 1921-2014. Taflan og kortið sýna endurheimtur íslenskra merkja eftir löndum þar sem merkin endurheimtust og endurheimtumánuði auk erlendra merkja eftir merkingalandi og merkingamánuði.

Skógarpröstur	Merkingar 1921-2013:												Fullv.	38062
													Ungar	21546
												Alls	59608	
Mánuður	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	99	Alls
Kanada									1					1
Ísland	160	144	298	415	73	34	25	17	47	312	140	185	54	1904
Færeyjar									1	4				5
Írland				1	3	3	16	8	5	2			1	39
Skotland	1			20	11	2	6	2	4	15			3	64
England					1		1							2
Channel Isl							1							1
Noregur													1	1
Danmörk						1								1
Holland											1			1
Belgía					1						1			2
Frakkland				7	12	11	6		3	1			1	41
Portúgal					5	5	13	10						33
Spánn				3	7	8	3	3					2	26
Samtals	161	144	298	446	113	64	71	40	61	334	142	185	62	2121
													p.a. erl. 31	



1. tafla. Merktir fuglar 2014 skipt eftir tegundum og aldri (fullvaxnir og ófleygir) ásamt heildarfjölda þeirra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2014. Sjaldgæfum tegundum er öllum steipt saman en sjalgæfra tegunda 2014 er getið neðanmáls.

EUR	Tegund	Species	2014			Samtals 1921-2014		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
20	Lómur	<i>Gavia stellata</i>		5	5	288	264	552
40	Himbrimi	<i>Gavia immer</i>				5	0	5
110	Flórigoði	<i>Podiceps auritus</i>				166	380	546
220	Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	221	45	266	26477	4853	31330
460	Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	9	2	11	260	274	534
520	Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	184		184	5514	13	5527
550	Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	198	1	199	8079	134	8213
710	Súla	<i>Morus bassanus</i>		500	500	1385	5796	7181
720	Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>				4	3406	3410
800	Toppskarfur	<i>Phalacrocorax</i>	28	134	162	2137	4836	6973
1540	Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	32	34	66	4299	3502	7801
1580	Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>				5532	7926	13458
1590	Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>				346	0	346
1610	Grágæs	<i>Anser anser</i>	2	5	7	981	2007	2988
1670	Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>				40	13	53
1680	Margæs	<i>Branta bernicla</i>	99		99	1417	0	1417
1790	Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	1		1	328	1933	2261
1820	Gargönd	<i>Anas strepera</i>				64	166	230
1840	Urtönd	<i>Anas crecca</i>	1		1	218	954	1172
1860	Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	36	20	56	389	2074	2463
1890	Grafönd	<i>Anas acuta</i>	1		1	70	246	316
1940	Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>				2	7	9
2030	Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	10		10	339	994	1333
2040	Duggönd	<i>Aythya marila</i>	4		4	556	1452	2008
2060	Æður ¹⁾	<i>Somateria mollissima</i>	221	52	273	9621	8708	18329
2110	Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
2120	Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	10		10	566	862	1428
2130	Hrafnsönd	<i>Melanitta nigra</i>	8		8	612	437	1049
2170	Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>				611	364	975
2210	Toppönd	<i>Mergus serrator</i>				266	123	389
2230	Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
2430	Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		40	40	12	593	605
3090	Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	3	8	11	285	921	1206
3180	Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	1	60	61	101	1601	1702
3300	Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	20	2	22	5030	4185	9215
4070	Keldusvín	<i>Rallus aquaticus</i>				10	11	21
4500	Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	38	210	248	1355	8009	9364
4700	Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	22	159	181	1813	7524	9337
4850	Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		92	92	1122	8099	9221
4960	Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>	1269		1269	6406	0	6406
4970	Sanderla	<i>Calidris alba</i>	141		141	2629	0	2629
5100	Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	26	1	27	3099	1174	4273
5120	Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	10	8	18	4259	2080	6339
5190	Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	32	53	85	1061	6059	7120
5320	Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	23	84	107	934	1923	2857
5380	Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	13	117	130	279	5798	6077
5460	Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	11	128	139	1094	6654	7748
5610	Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	115		115	4009	0	4009
5640	Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	115	28	143	1073	3006	4079

1. tafla (frh.)

EUR	Tegund	Species	2014			Samtals 1921-2014		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
5650	Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>	2		2	49	58	107
5670	Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>	2	10	12	67	743	810
5690	Skúmur	<i>Catharacta skua</i>		50	50	168	20951	21119
5820	Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1	53	54	345	12871	13216
5900	Stormmáfur	<i>Larus canus</i>		6	6	4	2590	2594
5910	Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	280	86	366	2284	3197	5481
5920	Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>	102	1	103	836	2649	3485
5980	Bjartmáfur	<i>Larus glaucoides</i>	6		6	40	0	40
5990	Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	28		28	436	2578	3014
6000	Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	33	1	34	331	3148	3479
6020	Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	86	204	290	3299	30830	34129
6160	Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	66	1530	1596	4783	47658	52441
6340	Langvía	<i>Uria aalge</i>	98	173	271	11412	4960	16372
6350	Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	27		27	1626	94	1720
6360	Álka	<i>Alca torda</i>				2866	2874	5740
6380	Teista	<i>Cephus grylle</i>	1	131	132	2358	17674	20032
6470	Haftyrðill	<i>Alle alle</i>				50	2	52
6540	Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	85	2	87	33684	42320	76004
6650	Bjargdúfa	<i>Columba livia</i>				0	2	2
7490	Snæugla	<i>Nyctea scandiaca</i>				3	0	3
7680	Brandugla	<i>Asio flammeus</i>				44	101	145
10110	Þúfuttitlingur	<i>Anthus pratensis</i>	98	39	137	7905	8201	16106
10200	Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	24	50	74	1718	6481	8199
10660	Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	74	14	88	586	162	748
11460	Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	29		29	1385	3363	4748
11870	Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	109	7	116	557	96	653
12010	Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1574	259	1833	39730	21808	61538
13140	Glókollur	<i>Regulus regulus</i>	34		34	70	0	70
15720	Hrafn	<i>Corvus corax</i>	9	86	95	98	1520	1618
15820	Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	327	72	399	1878	1014	2892
15910	Gráspör	<i>Passer domesticus</i>				1	0	1
16630	Auðnutitlingur	<i>Carduelis flammea</i>	5989	143	6132	13696	2318	16014
18500	Snjótitlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	2237	29	2266	77644	2191	79835
	Algengar tegundir		14225	4734	18959	315235	351975	667210
	Sjaldgæfar tegundir (16 teg.) ²⁾		84	3	87	870	64	934
	Alls		14309	4737	19046	316105	352039	668144

1) Þ.m.t. æður eldisungar 4451

2) Eftirtaldar 16 sjaldgæfar tegundir voru merktar á árinu (allt fullvaxnir fuglar nema annað sé tekið fram): turnfálki 1, vepja 3 ungar, glóbrystingur 16, gráþröstur 1, söngþröstur 11, mistilþröstur 1, hettusöngvari 32, hnoðrasöngvari 1, gransöngvari 9, laufsöngvari 2, peðgrípur 1, bókfinka 2, fjallafinka 4, barrfinka 1, hrímtitlingur 1, krossnefur 1.

2. tafla. Fjöldi merktra fugla 2014 skipt eftir merkingamönnum.

Nr.	Nafn	Fullv.	Ungi	Alls
353	Aðalsteinn Snæþórsson	0	3	3
273	Arnór Þórir Sigfússon	0	1	1
407	Aron Leví Beck	25	77	102
261	Björn Hjaltason	19	0	19
415	Borgný Katrínardóttir	0	3	3
380	Böðvar Þórisson	29	61	90
401	Ellen Magnúsdóttir	58	23	81
262	Erpur Snær Hansen	289	0	289
222	Finnur Logi Jóhannsson	428	41	469
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	1707	1154	2861
347	Grétar Jónsson	0	1	1
345	Guðmundur A. Guðmundsson	1128	93	1221
316	Gunnar Tómasson	699	22	721
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	656	0	656
237	Gunnlaugur Pétursson	75	0	75
291	Halldór Walter Stefánsson	1	4	5
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	6	6
405	Ingvar A. Sigurðsson	510	3	513
404	Jim Wilson	1314	0	1314
223	Jóhann Óli Hilmarsson	0	10	10
403	Jón Einar Jónsson	37	0	37
386	Jón Gunnar Jóhannsson	0	11	11
339	Jón H. Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir	0	223	223
309	Jón Magnússon	1397	15	1412
346	Kristinn H. Skarphéðinsson	0	28	28
410	Kristín Alísa Eiríksdóttir	10	86	96
270	Kristlaug Pálsdóttir	43	114	157
412	Lára Guðmundsdóttir	242	66	308
296	Ólafur Einarsson	28	14	42
216	Ólafur K. Nielsen	17	60	77
322	Ólafur Torfason	125	1012	1137
409	Óskar Andri	1019	2	1021
148	Óskar J. Sigurðsson	117	9	126
284	Páll Leifsson	48	25	73
400	Pete Potts	1	150	151
414	Professor S. Bearhop	99	0	99
406	Róbert A. Stefánsson	0	5	5
344	Smári Lúðvíksson	53	0	53
402	Svenja Auhage	0	15	15
248	Sverrir Thorstensen	2697	858	3555
413	Sölvi Rúnar Vignisson	49	10	59
365	Tómas Grétar Gunnarsson	53	44	97
097	Tryggvi Eyjólfsson	2	72	74
357	Yann Kolbeinsson	10	1	11
370	Þorkell L. Þórarinsson	84	3	87
381	Þorlákur S. Helgason	768	211	979
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	436	137	573
228	Þorvaldur Björnsson	2	15	17
364	Þórir Snorrason	1	2	3
244	Ævar Petersen	32	31	63
371	Örn Þorleifsson	1	16	17
	Samtals	14309	4737	19046